

Songs of Soaring Birds: Poet's Introduction

Fyrsta ljóðið, **Í KÖLDU MYRKRI**, gefur okkur grunntóninn að því sem koma skal. Sorgin og óttinn læðast um í myrkrinu, en ljóðmælandinn á þá heitu ósk að fá eitt augnablik í faðmi ástarinnar. Ástin leynist í hinu kaldasta myrkri; í ótta og gremju; í sorg og sársauka. Það er í okkar verkahring að skynja þá fegurð sem kærleikurinn hefur að geyma.

UNADSREITURINN: Í fjörunni þar sem fuglarnir ráða ríkjum, þar lifir minningin, jafnvel þótt ástvinir hverfi af sjónarsviðinu. Ég hef lært það á langri ævi, að ef maður sleppir takinu af því sem var, þá situr kærleikurinn eftir og þá kemur minningin sjálfviljug, án allrar áreynslu, og sýnir fegurðina í sínu réttasta ljósi; rétt einsog sól að morgni dags.

VORIÐ BROSIR er ljóð tengt minningu um grásleppukarl sem sagði, mér sem hnokka, að það væri einungis til gott veður. Hann sagði reyndar: Rigningin hlífir þeim sem klæða sig vel og rokið verndar þá sem leita skjóls. Með framansagt í huga leyfði ég huga mínum, einn góðan veðurdag, að hlusta á fuglana sem koma með vorið yfir sæinn. Og ég leyfði mér að skynja þann boðskap sem ég held að þeir vilji flytja hjarta mínu.

The first poem, **In Cold Dark**, sets the tone for what is to come. Grief and fear lurk in the dark as the narrator expresses a deep desire to have a moment in the arms of love. Love hides in the coldest dark; in fear and frustration; in sorrow and pain. It behooves us to understand and appreciate the beauty that love can bring us.

Bed of Bliss: On the beach where the birds reign supreme, memory lives on even as our loved ones fade away. I have learned from a long life that if you let go of what you once had then love remains and memories visit you, automatically and effortlessly, exhibiting the splendor in its most appropriate light like a rising sun in the morning.

The Smile of Spring is a poem associated with the memory of lump fisherman who told me as a boy that there is only good weather. He said: The rain shelters those who dress well and the wind protects those who seek shelter. With this in mind, I let my mind one day listen to the birds that bring us spring from across the sea. I allowed myself to sense the message that I think they want to convey to my heart.

ERLAN: Maríuerlan er fugl sem ég hef alltaf séð sem einn af fuglum ástarinnar. Hún hoppar svo glaðlega í loftinu, einsog hún vilji fagna augnablikinu sem óhjákvæmilega líður hjá. Ég yrki um augnablikið, rita ljóðið í fjörusandinn og er viss um að erlan muni syngja öll mín ljóð.

VEGUR ÞAGNAR er ljóð sem ég orti í minningu Gunnars Dal, sem var mikill vinur minn og lærifaðir á mörgum sviðum. Gunnar var stórkostlegt skáld. Og þótt hann hafi ekki lokið skólagöngu sem heimspekingur, þá eru rit hans um heimspeki hreinlega ómissandi, a.m.k. fyrir mig. Gunnar lifir í kærleiksríku orðunum sem hann setti á blað.

Næsta ljóð, **Í FAÐMI FUGLA**, fjallar um þá ást er aldrei deyr. Ljóðmælandinn sér heiminn upp í gegnum moldina og hann sér það sem uppúr moldinni vex. Þar sem þú sefur, þar sofa fuglarnir – þar sem þú vakir, þar vaka fuglarnir. Jafnvel ískalt myrkur nær ekki að deyfa ástina.

The Songbird: Here we sing of a bird that I have always viewed as one of the birds of love. She jumps so joyously in the air, as if she wants to celebrate each moment as it inevitably passes her by. I write of the moment, I write my poem in the sand, convinced that the songbird will sing all my poems.

The Road of Silence is a poem I wrote in memory of Gunnar Dal who was a great friend of mine and my mentor in many areas. Gunnar was a magnificent poet. Even if he did not complete schooling as a philosopher, his writings on philosophy are simply indispensable at least as far as I am concerned. Gunnar lives in the loving words he put on paper.

The next poem, **Embraced by Birds**, deals with love that never dies. The narrator sees the world through the soil and he sees what grows from the soil. Where you sleep, the birds sleep – where you stay awake, the birds stay awake. Even ice-cold dark cannot numb love.

GRÁTUR JARÐAR: Í mínum huga eru fuglarnir einsog augnablik og augnablikin eru einsog fuglar. Einn fugl fer og annar kemur. Og tístið og smellirnir eru einsog hljómfagrir kossar. Vængjaslátturinn lýsir augnablikinu sem kemur og fer. Jafnvel það fólk sem nær að einangra vitund sína, bindur hana við augnablikið. Ljóðið mitt, GÁTUR JARÐAR, segir okkur að gráta einungis það sem er þess virði að það sé grátið.

FUGLSHJARTAÐ: Að tala um fuglshjarta, er oftast en ekki þrungið þeirri merkingu, að ekki sé beint um hetju að ræða. En í ástum þarf enginn að leika hetju. Hinn mesti væskill rís upp og baðar sig í ljósi kærleikans, hvar sem því verður komið við. Það er hið innra sem kemur á yfirborðið og sýnir þannig hina sönnu mynd.

DÚFA: Ljóðið um dúfuna er ort til minningar um hund, en hundurinn sá arna hafði fylgt mér í nær tvo áratugi. Ég sá það fyrir mér, að hundurinn minn myndi breytast í dúfu þegar hann færi yfir hina miklu móðu. Og reyndar sé ég þessa sömu sýn þegar einhver fellur frá. Það er mynd af fallettri dúfu, sem lætur okkur skynja fegurð heimsins.

Earth Lament: To my mind, birds are like fleeting moments and moments are like birds. One bird leaves and another appears. And the squeaks and clicks they emit have the beautiful sound of kisses. Flapping wings describe the moment that comes and goes. Even those who manage to isolate their perception tie it to the moment. My poem **Earth Lament** tells us to mourn only what is worth mourning.

A Bird's Heart: The reference to a bird's heart more often than not connotes the opposite of heroism. But in love no one needs to play a hero. The greatest weakling ascends, bathing in the glow of love wherever possible. The inner being rises to the surface, thus revealing the true picture.

A Dove: My poem about the dove is written in memory of a dog that had been with me for almost two decades. I imagined my dog turning into a dove when he crossed the great river. I happen to have this same vision whenever someone dies. The image of a beautiful dove makes us sense the beauty of the world.

VALS er ljóð sem ég orti, þegar ég minntist þess að hafa horft á gömul hjón dansa vals, við dragspilstóna á túni einu fyrir nokkrum árum. Og þegar konan lést, sá ég ekkilinn fyrir mér, þar sem hann lét ástina lifa sem ljós í myrkri, umvafinn yndislegum minningum.

SPEGILL FUGLANNA: Á meðan við svífum um í núinu, erum föst í augnablikinu, þá leitar hugurinn fram og til baka. Við erum á milli himins og hafs. Við erum myndir á haffleti, um leið og við svífum í bláma, stjörnubirtu eða öðrum bakgrunni. Ljósið og skuggarnir tilheyra okkur og við tilheyrum því sem við upplifum.

FUGLAR MINNINGA: Þegar sumri hallar í lífi manns og haustið tekur við, þá er einsog okkur þyki eðlilegt að uppgjöf sé í nánd. En þá verðum við að muna, að við erum og verðum alltaf stödd í iðu kærleikans, þar sem upplifun augnabliksins er nauðsynleg afleiðing lífs og dauða. Aftur er því hvíslað að okkur, að annað augnablik taki við af því sem er að líða.

Waltz is a poem I wrote when I remembered watching an old couple waltz to accordion music in a meadow many years ago. When his wife died, I imagined the widower letting his love live on like a light in the dark, surrounded by wonderful memories.

Mirror of the Birds: While we drift about in the present, trapped in the moment, then our mind swirls back and forth. We are between the sky and the sea. We are reflections on the surface of the ocean as we glide against the blue sky, lit by the stars, or other background. The light and shadows belong to us and we belong to our experience.

Birds Remembered: At summer's end in one's life, when autumn arrives, it is as if we find it natural that surrender is near. But then we must remember that we are, and we will always find ourselves in, the vortices of love where the experience of the moment is a necessary consequence of life and death. Again, it whispered to us that another moment will supersede the one passing by.

ÉG SYNG FYRIR ÞIG er ljóð sem segir okkur að í raun og veru sé eðlilegt fyrir okkur að trúa á kærleikann, að trúa á eitthvað sem er okkur æðra og meira. Lífið er þannig einsog kærleiksríkur söngur sem við syngjum hvert fyrir annað. Og hann er sunginn fyrir þá sem vilja hlusta.

EINN KAFLI, er ljóð sem ég orti þegar móðir vinkonu minnar kvaddi þennan heim. Þegar einhver fellur frá, þá sé ég fyrir mér lífshlaupið; hvernig við fæðumst einsog litlir fuglar, við bara sitjum í hreiðrinu með fangið fullt af engu. Svo gerist það, að þeir sem faðma okkur að sér og sýna okkur kærleika, gera það að verkum, að við getum sofnað sátt og þeir sem eftir lifa sitja í sátt með fangið fullt af gleði.

I Sing for You is a poem that tells us that in reality it is natural for us to believe in love, to believe in something superior to ourselves. Life is thus like a love song that we sing to one another. And it is sung for those who want to listen.

One Chapter is a poem I wrote when my friend's mother took absence from this world. When someone dies I see the course of life; how we are born like little birds, we just stay in the nest with our arms full of nothing. Then, those who embrace us and shower us with love enable us to go to sleep in harmony, leaving those who remain in friendship and harmony with their arms full of joy.